

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0077
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu alifuglabús á Heiðarbæ 2, Bláskógabyggð.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 23. febrúar 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynnta framkvæmd um rekstur alifuglabús á Heiðarbæ 2 í Bláskógabyggð.

Um er að ræða kjúklingabú í rekstri sem hefur haft starfsleyfi frá 2009 en ekki var tilkynnt um framkvæmdina til Skipulagsstofnunar á sínum tíma og því verið að stíga það stjórnsýslulega skref eftir á. Ekki er stefnt að neinum frekari framkvæmdum en hins vegar hefur aldrei verið lagt mat á umhverfisáhrif starfseminnar samkvæmt lögbundnu ferli umverfismats.

Búið er staðsett innan verndarsvæðis vatnasviðs Þingvallavatns sem felur í sér að mjög mikilvægt er að gera kröfur um að mengun frá búinu berist ekki í vatnið. Fyrirkomulag fráveitu og meðferð úrgangs skiptir þar höfuð máli sem og almennar mengunarvarnir í og við búið. Miðað við upplýsingar sem koma fram í greinargerð virðast þessi mál vera í góðum farvegi og er t.d. öllum skít safnað saman í haughúsi og síðan dreift til uppgræðslu utan við verndarsvæðið þar sem starfsleyfi er til staðar fyrir losun seyru. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir ekki athugasemdir í umsögn sinni frá 20.3.2024 um matsskylduna og má því álykta sem svo að fyrirkomulag á þessum málum séu í góðu lagi.

Engar framkvæmdir sem fela í sér rask sem ekki hefur þegar orðið (og sem voru á landbúnaðarlandi) eru áformaðar.

Náttúrufræðistofnun telur í ljósi þessa ekki þörf á að rekstur alifuglabúsins fari í umhverfismat.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

